

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um vistvæn ökutæki.

Frá Brynhildi Pétursdóttur.

1. Hefur ráðherra mótað framtíðarstefnu um notkun vistvænna ökutækja í starfsemi ríkisins, þ.e. ökutækja sem nota endurnýjalega orkugjafa? Ef svo er, hver er stefnan í stuttu máli?
2. Hefur ráðherra mótað stefnu við kaup og leigu slíkra ökutækja til notkunar í starfsemi ríkisins? Ef svo er, hver er hún í stuttu máli?
3. Hefur ráðherra stefnu sem snýr að því að auka hlutfall vistvænna ökutækja hér á landi? Ef svo er, hver er stefnan í stuttu máli?
4. Hver er stefnumótun ráðherra út frá umhverfissjónarmiðum þegar kemur að endurnýjun ráðherrabifreiða?

Skriflegt svar óskast.